

Saga Film ehf.
Pósthólf 5490
125 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 24. nóvember 2016
UST201611-115/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Rauðhólar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Saga Film, dags. 15. nóvember 2016, vegna leyfis til kvikmyndatöku við Rauðhóla í hálfan dag þann 29. nóvember 2016 vegna gerðar heimildarmyndar fyrir BBC.

Rauðhólafólkvangur var stofnaður árið 1974, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 185/1974. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Tökur fara fram frá 7:00 til 9:30 þann 29. nóvember 2016. Nákvæm staðsetning innan svæðisins er ekki komin á hreint en hún verður nálægt Heiðmerkurvegi og í hvarfi frá íbúðarbyggð vegna ljósmengunar. Í tengslum við tókurnar þarf að grafa gröf 60 cm x 200 cm x 10 cm á dýpt. Kveiktur verður eldur í gröfinni. Notast verður við gas og lífrænt efni þar sem klæði brennur. Loganum er stýrt en um er að ræða gasloga frá pípum sem búið verður að útbúa og síðan skrúfað fyrir og þá slokknar á eldinum. Að tókunum koma 15 manns og 3 leikarar. Camerutrúkk og aðstöðurútu verður lagt á bílastæði við Heiðmerkurveg ásamt bílum starfsfólks.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun heimilar tókurnar fyrir sitt leyti og metur, miðað við ofangreinda verkefnislýsingu, að framkvæmdinn sé ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til meðfylgjandi skilyrða:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Gröfin skal grafin á ógrónu svæði til að minnka rask á gróðri og að eldur berist í hann.
- Gæta skal að eldvörnum á svæðinu og er notkun mengandi efna óheimil.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi eftir að tökunum líkur. Rukkað verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 Isl.kr. per klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er 39.400 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Umhverfisstofnun bendir umsækjanda á sækja þarf um leyfi til slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna eldsins.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur